



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Alþingi, nefndasvið
b/t Umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent á: nefndasvid@althingi.is

Selfossi, 1. maí 2017
1704076HS SG

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

Vísað er til umsagnarbeiðni nefndasviðs Alþingis sem barst þann 11. apríl sl. varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, (EES-reglur, losun frá iðnaði og skráningarskylda), 376. mál.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur undir höndum lokadrög að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið og tekur alfarið undir það sem þar kemur fram.

Varðandi starfsleyfisútgáfu HES:

Starfsleyfisútgáfa hefur ávallt verið hluti af fræðslu til nýrra fyrirtækja um hvaða lög og reglur gilda og m.a. kannað hvort húsnæði uppfylli skipulagskröfur viðkomandi sveitarfélags og er bent á að mismunandi aðstæður geta verið hverju sinni og er nóg að nefna þingvelli í því sambandi. Ekki verður séð á frumvarpinu hvernig rekstraráðilar eigi að nálgast þessar upplýsingar með öðrum hætti en að leita til HES um hvaða kröfur eru gerðar til þeirrar fjölbreyttu starfsemi sem HES hefur eftirlitsskyldur með.

Dæmi: Einkavatnsból hjá mjólkurbændum eru starfsleyfisskyld út frá matvælalögum og yrði með þessari breytingu einnig skráningarskyld hjá UST vegna vatnsverndar sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

Í þessu einfalda dæmi þyrfti viðkomandi að hafa samskipti og sækja um á tveimur stöðum (HES og UST), greiða starfsleyfisgjald til HES ásamt eftirlitsgjaldi skv. gjaldskrá og líklega að greiða skráningargjald til UST. Í stað þess að hafa óbreytt ástand og sækja einungis um starfsleyfi til HES.

Ef skráning færirst til UST

Í frumvarpinu er látið að því liggja að svigrúm aukist hjá HES til að sinna eftirliti með því að starfsleyfisútgáfa leggist af og á þann veg að verkefni minnki með því að



skráning færist til UST. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vill hér með lýsa þeirri skoðun að slíkt verklag bjóði ekki upp á hagræðingu. Eftir sem áður verði fyrirtækið skráð hjá HES með tilheyrandi umsýslu. Þá þarf að hafa eftirlit með fyrirtækinu eftir sem áður og veita sýslumönnum umsagnir vegna veitinga- og gistileyfa vegna starfseminnar.

Dæmi: Litið hótél með veitingasölu fær við núverandi kerfi eitt kaflaskipt leyfi frá HES bæði út frá lögum nr. 7/1998 og matvælalögum. Ef frumvarpið verður að lögum þurfa þeir að skrá sig einnig hjá UST með tilheyrandi skráningarkostnaði og þurfa jafnframt að fá útgefið starfsleyfi frá HES út frá matvælalögum og þar með leggst á starfsleyfisgjald, HES hefur eftirlit með starfseminni og innheimtir eftirlitsgjald skv. gjaldskrá. Allir gististaðir sem falla í flokka II-IV og veitingastaðir í flokkum II-III samkvæmt veitinga- og gistihúsalöggjöfinni þurfa umsögn frá HES (og fleiri umsagnaraðilum) áður en sýslumaður getur gefið út rekstrarleyfi, þannig að ekki verður séð að þetta sé til einföldunar, hvorki fyrir eftirlitið né rekstaraðilann.

Hins vegar mætti ná fram nokkurri hagræðingu með því að gera starfsleyfisútgáfunarfræna sem er vel framkvæmanlegt og er bent á í því sambandi að sveitarfélögin eru mörg hver komin langt í að gera sína stjórnýslu rafræna með aðgengilegum íbúagáttum sem er hægt að sjá bæði hjá Sveitarfélaginu Árborg, Mosfellsbæ ofl.

Tekjutap vegna breytinga úr starfsleyfisútgáfu í skráningu, aðrir tekjumöguleikar:

Samanburður síðustu þriggja ára samkvæmt ársreikningum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands:

	2014	2015	2016
Rekstartekjur alls	76.600.000	77.569.000	89.400.000
Starfsleyfi	3.910.000	4.202.900	7.090.000
Hlutfall í %	5,1%	5,4%	7,9%

Samkvæmt ofangreindu nam innheimta vegna útgáfu starfsleyfa um 5-8% af heildarinnkomu og helgast aukningin fyrst og fremst af fjölgun gististaða á Suðurlandi vegna aukinnar ferðaþjónustu, sem enn sér ekki fyrir endann á. Til að ná upp tekjutapinu þurfi líklega að hækka tímagjald eða leggja á sérstakt skráningargjald í stað starfsleyfisgjalds. Að framangreindu sögðu er óljóst hvernig ná megi hagræðingu með því að falla frá starfsleyfisútgáfu, auk þess sem líklegt er að misskilningur komi upp á þann veg að hér sé verið að slaka á kröfum til húsnæðis, aðbúnaðar og öryggis neytenda. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands varar við því að gerðar séu róttækar kerfisbreytingar í miðri ferðaþjónustuuppsveiflu og leggur áherslu á að það sé ekki er skynsamlegt í ljósi mikils vinnuálags sem þegar er hjá HES vegna ferðaþjónustunnar. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur skynsamlegt að biða eftir að reynsla komist á breytingarnar vegna leyfa fyrir heimagistingu sem gerðar voru um áramótin sl.




Heilbrigðisnefnd Suðurlands fékk drög að umræddu frumvarpi send frá Umhverfis- og auðlindaráðherra til umsagnar í janúar 2016. Bókun var gerð á fundi nefndarinnar þann 22. janúar 2016 og er afrit af bréfi til ráðherra frá þeim tíma meðfylgjandi sem fylgiskjal við umsögn þessa og er í fullu gildi enn í dag.

Þrátt fyrir ofangreint telur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands að endurskoða þurfi lög nr. 7/1998 og styður allar breytingar sem bæta löggjöfina, gera hana skýrari og auðveldari að vinna eftir með hagsmuni almennings, umhverfis og atvinnulífsins að leiðarljósi og er reiðubúið leggja sitt af mörkum í vinnu sem er framundan við mótun betra regluverks.

Mikilvægt er að þekking og reynsla sem er til staðar í nærsamfélaginu hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga um land allt nýtist áfram, öllum til hagsbóta.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Sigrún Guðmundsdóttir
frankvæmdastjóri

Meðfylgjandi: Afrit af bréfi til UAR með bókun Heilbrigðisnefndar Suðurlands 22. jan. 2016

Aðeins sent í tölvupósti.

Afrit send:

Þorsteinn Sæmundsson, UAR:

Stefán Guðmundsson, UAR:

Steinunn Fjola Sigurdardóttir, UAR:

Kjartan Ingvarsson, UAR:

Guðjón Bragason, SÍS:

thorsteinn.saemundsson@uar.is

stefan.gudmundsson@uar.is

steinunn.fjola.sigurdardottir@uar.is

kiartan.ingvarsson@uar.is

gudjon.bragason@samband.is



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra
Skuggasund 1
150 Reykjavík

Selfossi, 22. Janúar 2016
1601057HS SG

Efni: Bókun Heilbrigðisnefndar Suðurlands dags. 22. janúar 2016

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur kynnt sér drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (losun frá iðnaði ofl.); sem er áformað að leggja fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi með gildistöku frá og með 1. júlí 2016 og var mótttekið til umsagnar með tölvupósti dags. 15. janúar 2016. Samkvæmt frumvarpsdrögunum virðist sem hlutverk heilbrigðisnefndar verði skert og verkefni færð til Umhverfisstofnunar í átt til aukinnar miðstýringar.

Mótsagnir eru í textanum og því erfitt að gera umsögn og má nefna að í 47. gr. segir að heilbrigðisnefnd beri að sjá um að framfylgja ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, undantekning sé eftirlit UST skv. 33. gr. með kolefnivinnslu. En hins vegar í 51. gr. segir að Umhverfisstofnun annist eftirlit með framkvæmd laga þessara og er stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni sem undir lögum falla. 8. gr. frumvarpsins um skráningarskyldu er algerlega óunnin og erfitt að lesa úr henni hvernig eftirfylgni með athugasemdum og þvingunarúrræðum verði háttáð ef starfsemi bæði á sviði hollustuhátta, s.s. sundlaugar og hótél sem og mengandi fyrirtæki s.s. heitloftspurrkun fiskafurða eða sláturhús eigi einvörðungu að vera háð skráningu hjá heilbrigðiseftirliti. Ekki er heldur minnst á viðurlög við því ef fyrirtæki sinnir ekki skráningarskyldunni.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir starfsleyfisútgáfu frá heilbrigðisnefnd fellur niður ákvæði 6. gr. 2. tl. efnalaga nr. 61/2013 og þar með eftirlitsskylda. Með sama hætti stangast þetta á við 7. og 10. gr. frumvarps til breytinga á lögum nr. 85/2007 sem einnig stendur til að leggja fram á yfirstandandi þingi með gildistöku frá og með 1. maí 2016. Í þeim drögum er gert ráð fyrir einföldun á leyfisveitingum vegna veitingastaða sem ekki eru með áfengisveitingar þannig að þeir þurfi einungis starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd, en ef ofangreint frumvarp til breytinga á lögum nr. 7/1998 verður að veruleika stangast þessi ákvæði á.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands bendir á að þekking og reynsla hjá starfsmönnum heilbrigðisnefnda er fjölbreytt og heilbrigðisfulltrúar eru vel menntaðir og færir um að sinna þeim fjölbreyttu verkefnum sem til falla. Nefndin leggur áherslu á ekki verði



í óafturkræfar breytingar sem þjóni ekki tilgangi laganna, þ.e. að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði. Það er hagur allra landsmanna að lögunum sé framfylgt á sem hagkvæmasta hátt og það sé best gert með öflugri nærbjónustu heima í héraði. Heilbrigðisnefnd Suðurlands leggur jafnframt áherslu á að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga verði hér eftir sem hingað til sjálfstæðar stjórnsýslustofnir sem geti áfram sinnt sínu lögboðna hlutverki svo vel sé.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri